STEFNA

Innri endurskoðun og ráðgjöf

2026–2030

Fagmennska • heilindi • traust

Með hagsmuni borgarbúa að leiðarljósi

Arnheiður Ingjaldsdóttir, verkefnastjóri
Ingunn Ólafsdóttir, innri endurskoðandi

INNRI ENDURSKOÐUN OG RÁÐGJÖF
REYKJAVÍKURBORG



Tilgangur og framkvæmd stefnunnar

Frá sameiginlegri greiningu til framkvæmdar og reglulegrar eftirfylgni

TILGANGUR

Sameiginlegur rammi

Tengir saman hlutverk, framtíðarsýn, stefnumarkmið og helstu aðgerðir IER.

- Stuðlar að áhættumiðaðri forgangsröðun
- Beinir tíma, fjármunum og mannauði að mikilvægustu viðfangsefnunum
- Skapar grunn fyrir mælingar, ábyrgð og endurskoðun

HVERNIG STEFNAN VAR MÓTUÐ

1

Samvinna starfsfólks

Starfsfólk tók virkan þátt í greiningu, umræðu og mótun áherslna.

2

SVÓT sem grunnur

Stefnan byggir á greiningu á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum.

3

Mótun stefnunnar

Hlutverk, framtíðarsýn, fjögur markmið, aðgerðir og mælikvarðar voru tengd saman.

4

Framkvæmd og eftirfylgni

Framkvæmdaáætlun, árleg mæling og regluleg yfirferð styðja við framvindu.

IIA

Ný fagleg krafa samkvæmt staðli 9.2

Innri endurskoðandi skal móta og innleiða stefnu fyrir innri endurskoðun sem felur í sér framtíðarsýn, stefnumarkmið og stuðningsaðgerðir og yfirfara hana reglulega með endurskoðunarnefnd og æðstu stjórnendum. Stefnan tengir einnig við staðal 12.2, frammistöðumælingar og alla fimm meginþætti COSO.

Kjarni stefnunnar

2026–2030

Með hagsmuni borgarbúa að leiðarljósi

HLUTVERK

Hlutverk IER er að efla getu samstæðu Reykjavíkurborgar til að skapa, vernda og viðhalda virði með óháðri, áhættumiðaðri og hlutlægri staðfestingu og ráðgjöf. Starfsemin styður við bætta stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit, upplýsta ákvarðanatöku og traust á starfsemi borgarinnar.

FRAMTÍÐARSÝN

Traust og framsækin innri endurskoðun, þekkt fyrir fagmennsku og gæði. Við veitum stjórnum og stjórnendum mikilvæga innsýn, beinum sjónum að helstu áhættum og stuðlum að góðum stjórnarháttum og virðissköpun fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar.

FJÖGUR STEFNUMARKMIÐ

01

Virðisaukandi þjónusta

Tímanleg og gagnleg innsýn, skýrar niðurstöður og markviss eftirfylgni úrbóta.

02

Faglegur styrkur

Þekking, reynsla og hæfni sem þróast í takt við þarfir og áhættuumhverfi.

03

Sterk staða og skýr forgangsröðun

Óhæði og sjálfstæði ásamt því að auðlindum sé beint að mikilvægustu viðfangsefnunum.

04

Gæði og samræmdir starfshættir

Stöðug gæði og fagleg vinnubrögð í samræmi við alþjóðlega staðla.

Fagmennska • Heilindi • Traust

01 Virðisaukandi þjónusta

Við eigum samtal við stjórnir og stjórnendur, veitum tímanlega og gagnlega innsýn og fylgjum samþykktum úrbótum markvisst eftir.

TIL AÐ NÁ MARKMIÐINU MUNUM VIÐ

1

Samskipti og sýnileiki

Móta samskiptaáætlun og efla samtal, kynningar og fræðslu.

2

Skýrari skil verkefna

Efla sameiginlegan skilning á niðurstöðum, ábendingum, ábyrgð og næstu skrefum.

3

Öflugri eftirfylgni

Auka sýnileika opinna ábendinga og árangur úrbóta.

4

Þjónustukönnun

Safna endurgjöf við lok úttekta og nýta hana til að þróa verkleg og þjónustu.

ÁRANGURSMÆLIKVARÐAR

Virði þjónustu IER

≥ 85% úttektarþega og lykilhagaðila meta þjónustu og niðurstöður gagnlegar.

Úrbætur innan frests

≥ 80% samþykktra úrbótatillagna með hæstu og næst hæstu áhættuflokkun IER lýkur innan tímafrests.

02 Faglegur styrkur

Við byggjum á og þróum áfram þá þekkingu, reynslu og faglegu hæfni sem þarf til að veita virðisaukandi þjónustu.

TIL AÐ NÁ MARKMIÐINU MUNUM VIÐ

1

Sérþekking og endurmenntun

Byggja upp frekari sérþekkingu sem styður við fagvottun á næstu 3–5 árum.

2

Framvirk áhættugreining

Þjálfa starfsfólk í reglubundinni umhverfis- og áhættugreiningu.

3

Lærdómur verkefna

Nýta lokayfirferðir og fagfundi til að þróa verklag og miðla þekkingu.

ÁRANGURSMÆLIKVARÐAR

Endurmenntunaráætlun

≥ 85% starfsfólks lýkur samþykktri árlegri endurmenntunaráætlun.

Fagvottun

≥ 30% starfsfólks hafa fagvottun fyrir lok árs 2030.

03 Sterk staða og skýr forgangsröðun

Við stöndum vörð um óhæði og sjálfstæði IER og beinum fjármagni, tíma og mannauði að mikilvægustu viðfangsefnunum.

TIL AÐ NÁ MARKMIÐINU MUNUM VIÐ

1

Óhæði og umgjörð

Styrkja samþykktir IER og endurskoðunarnefndar og forsendur fullnægjandi aðfanga.

2

Sterkari verkefnaáætlanir

Skýrara umfang, vinnuframlag, tímaáætlun, áhættumat og væntur ávinningur.

3

Auðlindir og forgangsröðun

Tengja mannafla og fjármögn skýrar við áhættumiðað verkefnaval.

4

Gervigreind og greiningarverkfæri

Móta innleiðingaráætlun til að auka gæði og skilvirkni.

ÁRANGURSMÆLIKVARÐAR

Úttektir innan áætlunar

≥ 80% úttekta lýkur innan samþykktra tímamarka.

Áhættumiðuð forgangsröðun

≥ 80% verkefna í innri endurskoðunaráætlun eru flokkaðar sem háar eða mikilvægar

04 Gæði og samræmdir starfshættir

Við tryggjum stöðug gæði með faglegum og samræmdum vinnubrögðum í samræmi við alþjóðlega staðla.

TIL AÐ NÁ MARKMIÐINU MUNUM VIÐ

1

Gæðahandbók og gæðamat

Innleiða gæðahandbók, árlegt innra gæðamat og ytra gæðamat árið 2028.

2

Dýpra áhættumat

Dýpka áhættumat og kortleggja eftirlit annarra aðila í A- og B-hluta.

3

Afhending gagna

Samræma væntingar, ábyrgð, skilafresti og viðbrögð við töfum.

4

Mat á áhrifum

Innleiða einfalt og samræmt mat á áhrifum úttekta.

ÁRANGURSMÆLIKVARÐAR

Niðurstöður innra gæðamats

≥ 90% yfirfarinna verkefna án verulegra frávika.

Umbótaverkefni úr innra gæðamati

≥ 80% skilgreindra umbóta úr innra gæðamati lokið innan 12 mánaða.



Takk fyrir!